163

## VIII. Árnessýsla.

1. Kaupfélag Árnesinga á Selfossi tilkynnir, að Egill Gr. Thorarensen hafi prókúru.

Hann ritar:

f. h. Kaupfélags Árnesinga
Egill Gr. Thorarensen.

164

# AUGLÝSING

**frá skráritara vörumerkja í Reykjavík um skrásetningar þær, sem gerðar hafa verið árið 1930.**

**Skrás. 1930, nr. 1.**

Tilkynnt 4. janúar 1930, kl. 5 síðd., af Stefáni Thorarensen, lyfsala Reykjavík, og skrásett 7. s. m.




Óreglulega lagaður einkennismiði, sem er sléttur og rétthyrndur á þrjár hliðar, en út úr fjórðu hliðinni ganga fjórir flipar. Tveir þeirra eru jafn stórir og eins, en hinir tveir eru ólíkir og misstórir. Stærsti flipinn er útfylltur af sporbaug, sem nær niður á miðjan miðann. Yzt um sporbauginn er svartur hringur. Sporbaugurinn er að innan rauður. Í rauða litnum er gulrauðleit stjarna og innan í henni er Fjallkonan sitjandi, með vinstri hönd studda við skjöld og hægri hönd haldandi um sverð. Út frá Fjallkonunni leggur geislabaug. Þvert yfir stjörnunni stendur með svörtu letri orðið: ÍDÓSÓL. Neðan við þennan sporbaug, er hvítur ferhyrningur og í honum standa ummæli um vöruna. Í tveimur minnstu flipunum eru rauðir sporbaugar og innan í þeim hvít stjarna, sem í

164 miðju er rauð. Þessi rauði kjarni kastar frá sér geislabaug. Lóðrétt í stjörnunum stendur orðið: ÍDÓSÓL. Neðan við þessa sporbauga eru hvítir ílangir ferhyrningar, sem með hvítu belti eru tengdir við stærsta sporbauginn. Í ferhyrningum þessum standa ummæli um vöruna. Í fjórða flipanum er rauður sporbaugur, og snýr hann öfugt við hina. Innan í honum er hvít stjarna, sem er í miðjunni rauð, og kastar þessi rauði kjarni frá sér geislabaug. Þvert yfir stjörnuna stendur: 5% JÁRN (Fe). Neðan undir þessum sporbaug er hvítur, ílangur ferhyrningur og í honum standa ummæli um vöruna. Neðan við þennan ferhyrning er sporbaugur af sömu gerð, stærð og útliti og sá, er fyrir ofan stendur. Grunnflötur miðans er svartur.

Merki þetta er skrásett fyrir allskonar samsett og ósamsett lyf.

Skrás. 1930, nr. 2.

Tilkynnt 4. janúar 1930, kl. 5 síðd., af sama, og skrásett 7. s. m.

Orðið:

**ÍDÓSÓL**

Merkið er skrásett fyrir samsett og ósamsett lyf, og er orðið ÍDÓSÓL að skoða sem sérstakt heiti fyrir greindar vörutegundir.

**Skrás. 1930, nr. 3.**

Tilkynnt 4. janúar 1930, kl. 5 síd., af sama, og skrásett 7. s. m.

Orðið:

**VAGISAN**

Merkið er skrásett fyrir lífræn og ólífræn efnasambönd, og er orðið VAGISAN að skoða sem sérstaklega tilbúið heiti fyrir greindar vörutegundir.

**Skrás. 1930, nr. 4.**

Tilkynnt 13. janúar 1930, kl. 2 síðd., af A/G Paulanerbräu Salvatorbrauerei und Thomasbräu, ölgerð, München í Þýzkalandi og skrásett 21. s. m.

Orðið:

**SALVATOR**

Samkv. tilkynningu 22. október 1926, er merkið skrásett í Berlín 26. janúar 1927 fyrir: Öl, humal, malt, vínberjahrat, ger og óáfengt öl.

**Skrás. 1930, nr. 5.**

Tilkynnt 13. janúar 1930, kl. 2 síðd., af Otto Mönsted, A/S, smjörlíkisgerð, Aarhus og Köbenhavn, Danmörku, og skrásett 21. s. m.

A

B C

**VARE MÆRKE**

Rétthyrndur þríhyrningur, en frá miðdepli grunnlínu eru dregnar tvær línur hornrétt, sín á hvorn arm þríhyrningsins miðjan, þannig að hann með línum þessum skiptist í tvo minni þríhyrninga og einn ferhyrning. Í ferhyrningnum er stafurinn A, en í litlu þríhyrningunum stafirnir B og C, sinn í hvorum.

Samkv. tilkynningu 6. nóvbr. 1896, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 16. s. m. og síðast endurnýjað 16. nóvbr. 1926.

**Skrás. 1930, nr. 6.**

Tilkynnt 18. janúar 1930, kl. 4 síðd., af The Asiatic Petroleum Company, Limited, verksmiðjurekstur, London, Englandi, og skrásett 21. s. m.

Orðið:

**TRIUMF**

Merkið er skrásett í London 30. maí 1929, 47. flokki, fyrir: Ljósa-, hitunar og smurnings-olíur.

**Skrás. 1930, nr. 7.**

Tilkynnt 18. janúar 1930, kl. 4 síðd., af Libby, McNeill & Libby, verksmiðjurekstur,Chicago í Illinois, Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 21. s. m.

164 Tvöfaldur hringur og innan í honum flaggstöng með þríhyrndu flaggi og í því stendur orðið: LIBBY.

Samkv. tilkynningu 23. febrúar 1922, er merkið skrásett í Washington 27. nóvember 1923 fyrir: Svínakjöt og baunir, kjötseyði, súputeninga, niðursoðna súpu, niðursoðinn fisk, niðursoðna, þurkaða og sykraða ávexti, ber og grænmeti, plómu-búðinga, kjötmauk, olíuber, krydd-grænmeti, Catchup, sósur og allskonar krydd, olívenolíu, grænmetissósur, marmelade, ávaxtasmjör, ávaxtamauk, niðursoðna ávexti og ávaxtahlaup, nýja, niðursoðna þurkaða og gufuþéttaða mjólk.

**Skrás. 1930, nr. 8.**

Tilkynnt 30. janúar 1930, kl. 3 síðd., af Kaffe Hag A/S, kaffibrennsla, Köbenhavn, Danmörku, og skrásett 7. febrúar s. á.

Orðið:

# Sanka

Samkvæmt tilkynningu 18. febrúar 1929, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 20. júlí s. á. fyrir: Kaffi, coffeinlaust kaffi, hverskonar kaffibæti og kaffiígildi, te, súkkulaði og kakaó.

**Skrás. 1930, nr. 9.**

Tilkynnt 5. febrúar 1930, kl. 11 árd., af Hudson Motor Car Company, verksmiðjurekstur, Detroit í Michigan, Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 7. s. m.




Mynd af vængjuðum hesti á átthyrndum, innrömmuðum, brugðnum fleti og undir myndinni orðið: DOVER.

Samkvæmt tilkynningu 22. júní 1929, er merkið skrásett í Washington 10. desember s. á. fyrir: Gasolin-vagna í 19. flokki og vagna án véla.

**Skrás. 1930, nr. 10.**

Tilkynnt 10. febrúar 1930, kl. 5 síðd., af Ferrosan A/S, verksmiðjurekstur og verzlun, Köbenhavn, Danmörku, og skrásett 15. s. m.

Orðið:

# IDO

Samkv. tilkynningu 20. ágúst 1926, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 9. október s. á. fyrir: Læknislyf og lyfjasambönd til innvortis notkunar, fegrunarefni og sótthreinsunarefni.

**Skrás. 1930, nr. 11.**

Tilkynnt 10. febrúar 1930, kl. 5 síðd., af sama, og skrásett 15. febrúar s. á.

Orðið:

# FERROSAN

Samkv. tilkynningu 12. maí 1920, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 7. júní s. á. fyrir: Efnis- og lyfjaafurðir, sérstaklega lífgædd járnmeðul, og er tilkynnandi fyrst skráður sem eigandi merkisins 19. maí 1921.

**Skrás. 1930, nr. 12.**

Tilkynnt 1. marz 1930, kl. 11 árd., af Société anonyme Dubonnet, verksmiðjurekstur, París í Frakklandi, og skrásett 7. s. m.



164 Ferhyrndur einkennismiði. Ofanvert á honum er hringmyndaður reitur og þar á mynd af liggjandi ketti, en framan við hann er flaska, og er vörumerkið á miðanum, sem á henni er. Neðan við hringmyndaða reitinn stendur bogadregið orðið: Dubonnet", en þar fyrir neðan er hvítur, aflangur, hornsneyddur ferhyrningur og í honum ummæli um vöruna. Neðst á miðanum standa orðin: Se méfier des Contrefacons.

Samkv. tilkynningu 14. marz 1924, er merkið skrásett í París fyrir vín framleidd af tilkynnanda, en vín þessi eru blönduð „quinquina", samkvæmt heilsufræðilegum reglum.

**Skrásett 1930, nr. 13.**

Tilkynnt 4. marz 1930, af Otto Mönsted A/S, smjörlíkisgerð, København í Danmörku, og skrásett 7. s. m.

Orðið:

**Oma**

Samkv. tilkynningu 26. janúar 1929, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 25. janúar 1930 og nær merkið til allra vörutegunda.

**Skrásett 1930, nr. 14.**

Tilkynnt 6. marz, kl. 3 síðd. af Société des Laboratoires des Proxytases, Soc. an. verksmiðjurekstur,

Orðið:

**ANGIOXYL**

París í Frakklandi, og skrásett 7. s. m.

Samkv. tilkynningu 24. janúar 1929, er merkið skrásett í París fyrir lyfjafræðislegar vörur.

**Skrásett 1930 nr. 15.**

Tilkynnt 17. marz 1930, kl. 12 á hád., af firmanu Telemac, Limited, regnklæðagerð, London á Englandi, og skrásett 27. s. m.

Orðið:

**TELEMAC**

Merkið er skrásett í London 8. desember 1919 fyrir regnklæði og tilkynnandi fyrst skráður eigandi þess 20. marz 1925.

**Skrásett 1930 nr. 16.** 164

Tilkynnt 10. marz 1930, kl. 11 árd., af firmanu Georg Schicht, A/G, verksmiðjurekstur, Aussig a. d. Elbe i Tékkoslovakíu, og skrásett 27. s. m.

Orðið:

CERES

Merkið er skrásett í Prag 19. september 1922 fyrir matarfeiti, mataroliur og smjörlíki.

**Skrásett 1930 nr. 17.**

Tilkynnt 10. marz 1930, kl. 11 árd., af sama, og skrásett 27. s. m.

Orðið:

Elida

Merkið er skrásett í Prag 26. marz 1924 fyrir sápur, þvottaefni, ilmefni og fegrunarefni.

**Skrásett 1930 nr. 18.**

Tilkynnt 10. marz 1930, kl. 11 árd., af sama, og skrásett 27. s. m.

Orðið:

Leda

Merkið er skrásett í Prag 9. júlí 1921 fyrir sápur, þvottaefni, ilmefni og fegrunarefni.

164 **Skrásett 1930 nr. 19.**

Tilkynnt 10. marz 1930, kl. 11 árd., af sama, og skrásett 27. s. m.

Orðið:

# Schicht

Merkið er skrásett í Prag 9. ágúst 1919 fyrir sápur og þvottaefni.

**Skrásett 1930 nr. 20.**

Tilkynnt 10. marz 1930, kl. 11 árd., af sama, og skrásett 27. s. m.

Mynd af álft á sundi.



Merkið er skrásett í Prag 12. september 1921 fyrir sápur og þvottaefni.

**Skrásett 1930 nr. 21.**

Tilkynnt 10. marz 1930, kl. 11 árd., af sama, og skrásett 27. s. m.



Dökkur, ferstrendur miði. Á honum er mynd af hirti á stökki, en fyrir ofan bak hans stendur orðið: Schicht með ljósu letri. 164

Merkið er skrásett í Prag 20. desember 1920 fyrir sápur og þvottaefni.

**Skrásett 1930 nr. 22.**

Tilkynnt 10. marz 1930 kl. 11 árd., af sama, og skrásett 27. s. m.

Orðið:

**APOLLO**

Merkið er skrásett í Prag 19. janúar 1926 fyrir sápur og þvottaefni.

**Skrásett 1930 nr. 23.**

Tilkynnt 10. marz 1930, kl. 11 árd., af sama, og skrásett 27. s. m.

Stafurinn S, með væng á neðsta boga stafsins.

Merkið er skrásett í Prag 23. maí 1919, fyrir sápur og þvottaefni.

164 **Skrásett 1930 nr. 24.**

Tilkynnt 10. marz 1930, kl. 11 árd., af sama, og skrásett 27. s. m.

Ferstrendur, blár miði. Efst í hægra horni hans er gul sól með geislum. Neðst stendur með hvítum stöfum orðið: RADION.

Merkið er skrásett í Prag 26. júní 1925, fyrir sápur og þvottaefni.

**Skrásett 1930 nr. 25.**

Tilkynnt 10. marz 1930, kl. 11 árd., af sama, og skrásett 27. s. m.

Innan í svörtum hring er skrautritað E.

Merkið er skrásett í Prag 25. ágúst 1921, fyrir sápur, þvottaefni, ilmefni og fegrunarefni. 164

Skrásett 1930 nr. 26.

Tilkynnt 10. marz 1930, kl. 11 árd., af sama, og skrásett 27. s. m.




Mynd af rauðri pappaöskju. Á tveimur aðalhliðum hennar eru tveir gulir reitir. Í vinstri reitnum standa með bláu letri orðin: SCHICHT SOAP, en í hægri reitnum er blár lykill. Á hinum tveimur langhliðum öskjunnar standa með bláum stöfum, á gulum grunni, orðin: SCHICHT SOAP. Á endahliðunum er mynd af bláum lykli á gulum grunni.

Merkið er skrásett í Prag 9. apríl 1924, fyrir sápur og þvottaefni.

164 **Skrásett 1930 nr. 27.**

Tilkynnt 10. marz 1930, kl. 11 árd., af sama, og skrásett 27. s. m.




Blár, ferstrendur miði með grænum reitum og hvítum deplum. Efst og neðst stendur með hvítu skrautletri á ferstrendum, grænum reitum orðið: Schichtal. Sama orð stendur á sama hátt á bogadregnum, grænum reit yfir miðjan miðann. Til beggja hliða eru grænir reitir. Milli reitanna eru hvítir deplar af ýmsum stærðum.

Merkið er skrásett í Prag 9. desember 1927, fyrir sápur og þvottaefni.

**Skrásett 1930 nr. 28.**

Tilkynnt 10. marz 1930, kl. 11 árd., af sama, og skrásett 27. s. m.

Ferstrendur miði með skrautumgerð. Á honum miðjum er stjarna, en á henni hvítur hringmyndaður reitur, þar sem stendur skáhalt upp á við orðið: VISAN, undirstrikað.

Merkið er skrásett í Prag 26. febrúar 1922, fyrir matarfeiti, mataroliur og smjörlíki.

**Skrásett 1930 nr. 29.**

Tilkynnt 10. marz 1930, kl. 11 árd., af firmanu Georg Schicht, A/G, verksmiðjurekstur, Aussig a. d. Elbe í Tékkoslovakíu, og skrásett 27. s. m.

Orðið:

**Adura**

Merkið er skrásett í Prag 7. október 1925, fyrir glyserin.

**Skrásett 1930, nr. 30.**

Tilkynnt 16. maí 1930, kl. 11 árd., af Standard Brands Incorporated, verksmiðjurekstur, Dover, Delaware, Cincinnati og New York, N. Y., Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 5. júní s. á.

164 Ferstrendur, þéttstrikaður miði með fjórum skáhöllum, ílöngum, óstrikuðum reitum.

Samkvæmt tilkynningu 8. nóvbr. 1929, er merkið skrásett í Washington 18. marz 1930 fyrir bökunarduft.

**Skrásett 1930, nr. 31.**

Tilkynnt 14. júlí 1930, kl. 12 á hád., af h/f „Shell á Íslandi“, olíuverzlun, Skildinganesi við Skerjafjörð, og skrásett 22. s. m.

Mynd af hvítri báruskel (hörpudisk) á svörtum grunni, og þar fyrir neðan standa orðin: SHELL BRAND.



SHELL BRAND

Merkið er skrásett fyrir steinolíu og allar steinolíuafurðir, mótorvínanda (benzín), orku-olíur, vélaeldsneyti, eldsneyti fyrir bræðsluofna, kolaolíu, olíur til ljósa, hitunar og áburðar, allskonar vax, hreinsunarefni, efni sem nær af fitu, terpentínu, terpentínulíki, meðalaolíur og meðalasamsetningar, steinolíuhlaup, snyrtiolíur og snyrtivörur, blómaolíur, skordýraeitur, olíu og kemiskar samsetningar til landbúnaðar, garðyrkju, dýralækninga og heilbrigðislegra nota, olíur á Transformator (spennubreytir), asfalt og asfaltblöndur til allskonar nota, jarðbik, bikmálning og bikblöndur, upplausnarefni, litunarefni, málning, fernis, glerliti, grafitsvertu, blek, varnarmeðul og áburði, sótthreinsunarefni, pólitur allskonar og gljáefni, vínanda til iðnaðar, gas til ljósa og járnsamsuðu, gasolíur og gasaukandi efni, steinolíukoks, kemisk efni til iðnaðarþarfa og allar vörur svipaðar þeim, sem áður eru taldar.

**Skrásett 1930, nr. 32.**

Tilkynnt 17. júní 1930, kl. 2 síðd., af Frigidaire Corporation, verksmiðjurekstur, Dayton í Ohio, Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 22. júlí s. á.

Orðið:

**Frigidaire**

Samkv. tilkynningu 28. apríl 1919, er merkið skrásett í Washington 23. 164
nóv. 1920 fyrir kælitæki. Tilkynnandi fyrst skráður sem eigandi merkisins 26. febrúar 1929.

**Skrásett 1930, nr. 33.**

Tilkynnt 15. júlí 1930, kl. 5 síðd., af Daggell & Ramsdell, verksmiðjurekstur og verzlun, New York, N.Y., Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 22. s. m.

Orðið:

**VIVATONE**

Samkv. tilkynningu 2. júní 1927, er merkið skrásett í Washington 4. oktbr. s. á. fyrir baðvatn til hörundsverndunar.

**Skrásett 1930, nr. 34.**

Tilkynnt 15. júlí 1930, kl. 5 síðd., af sama, og skrásett 22. s. m.

Orðið:

**HA-KOL**

Samkvæmt tilkynningu 9. janúar 1915, er merkið skrásett í Washington 6. júlí s. á. fyrir: Meðal við höfuðverk, taugaverk og svipuðum verkjum, sem stafa af áreynslu, magnleysi, þreytu, kvölum, kvíða, svefnleysi, andlegri áreynslu, taugaveiklun, vatnsýki eða sjósótt.

**Skrásett 1930, nr. 36.**

Tilkynnt 18. júlí 1930, kl. 3 síðd., af John Haig & Co., Ltd., áfengisbrugg-un, Markinch, Skotlandi, og skrásett 22. s. m.

Orðið:

**HAIG'S WHISKY**

Merkið er skrásett í London 10. marz 1928 fyrir whisky.

**Skrás. 1930, nr. 36.**

Tilkynnt 16. apríl 1930, kl. 11 árd., af Josef Mikulcak, skófatnaðarverksmiðju, Zlín í Mähren í Tékkóslóvakíu, og skrásett 22. júlí s. á.

Orðið:

**„HIP-HOP“**

Merkið er skrásett í Prag 12. nóvbr. 1926 fyrir fimleikaskó og allskonar annan skófatnað.

164 **Skrás. 1930, nr. 37.**

Tilkynnt 2. júlí 1930, kl. 12 á hád., af Sveini Árnasyni, yfirfiskimatsmanni, Seyðisfirði, og skrásett 22. s. mán.

Orðið:

**SVARNA**

Merkið á eingöngu að ná til merkingar á umbúðum um saltfisk.

**Skrás. 1930, nr. 38.**

Tilkynnt 5. maí 1930, kl. 2 síðd., af H/F Ölgerðin „Þór“, öl- og gosdrykkjaframleiðsla, Reykjavík, og skrásett 22. ágúst s. á.

Orðið:

**ÞÓR**

Merkið er skrásett sem sérstaklega tilbúið heiti fyrir eftirtaldar vörutegundir: Akuryrkju-, skógræktar-, garðræktar- og fiskiveiðaafurðir, lyf, efnasamsetningar til læknisfræðislegra- og hreinlætisnotkunar, lyffræðisleg meðul og samsetningar, plástur, sáraumbúðir og aðrar hjúkrunarvörur, meðul til útrýmingar dýrum og jurtum, sótthreinsunarmeðul, meðul til varðveitingar á matvælum, áburðarefni, hárgreiðsluvinnu, skraut, tilbúin blóm, borðdúka og sængurlín, lýsingar-, hitunar-, eldhús-, kæli-, þurkunar- og viðrunaráhöld og tæki, vatnsleiðslu-, bað-, snyrtingar og salernisefni, burstagerðarefni og vörur, snyrtivörur, hreinsunar- og fægivörur, efnasamsetningar til iðnaðar-, vísinda- og ljósmyndanotkunar, slökkvitæki og áhöld, herðunar- og kveikiáhöld, tannlækningaáhöld, húsgögn og efni, þéttiefni, einangrunarmeðul við hita, raka, rafmagni og hljóði, hráar og hálfunnar óæðri málmtegundir, hnífagerðarvörur, smíðatól, sting- og höggvopn, nálar, öngla, skeifur og nagla, glerungaðar og tinaðar vörur, járnbrautayfirbyggingaefni, járnvörur, járnsmíðavörur smáar og stórar, byggingarmálmleggingar, skrár, nálagerðarvörur, pjátursvörur, akkeri, festar, klukkur, peningaskápa og -kassa, talningskassa, myndjárn, valsaða og steypta byggingarhluta og tæki úr járni og öðrum málmum,, vélar, flutningstæki til lands og sjávar og í loftinu, með eða án vélareksturs, ásamt hlutum og tækjum úr þeim, litarefni, liti, málmþynnur, feldi, skinn, garnir, leðurvörur, fernis, lakk, terpentínu, bæs, harpeis, límefni, slikju- og sútunar-

efni, fágunarefni, tvinna, garn og aðrar spunavörur, net, kaðlavörur, stálvírskaðla, rafmagnskaðla og -vír, spunatægjur, troðningsefni, öl allskonar, vín, vínanda, gosdrykki, vínandasnauða drykki, heilsu- og baðsölt, æðri málma, gull, silfur, nikkel- og aluminiumvörur, vörur úr bronzi, nýsilfri og öðrum svipuðum málmblöndum, ekta og óekta skrautgripi, gimsteina og perlur ásamt eftirlíkingum af slíkum glysvarningi, regnhlífar, stafi, eldiviðarefni, lýsingarefni, orkuframleiðsluefni, vax, harðgúm, harðgúmslíkingar og vörur úr þeim tekniskar olíur og feiti, smurningsefni, vörur úr tré, beini, horni, skjaldböku, skíði, fílabeini, perlumóður, rafi, sæfrauði, tréningi, og svipuðum eðlilegum og tilbúnum efnum, rennismíða- og myndskurðarvörur, körfugerðar og aðrar fléttaðar vörur, myndaramma og lista á þá, líkneski til kjólasaums-, klæðskera- og hárgreiðslunotkunar, læknisáhöld, tól og tæki, umvafsvörur, tilbúin augu og tennur, eðlisfræðilegar-, efnafræðislegar-, sjónfræðislegar-, jarðmælinga-, sjómennsku-, raffræðis-, vogar-, merkis-, eftirlits- og myndtökuvélar, áhöld og tæki, raffræðileg innlagningaráhöld og efni, mælingatæki, teikniáhöld, hljóðfara og hljóðfaraáhöld, útvarpstæki og myndvarpstæki, aflvélar til reksturs með gufu, rafmagni, gasi, olíu, steinolíu, bensíni og öðrum brenniefnum ásamt vatnsþrýstingi, vinnu og verktólaefnum af öllum tegundum og til sérhverrar notkunar, hluta af öllum hérnefndum vélum, rekstursreimar, slöngur sjálfhreyfivélar, búsáhöld, fjósa-, garð- og akuryrkjuáhöld, húsgögn, spegla, upptroðnar vörur, veggfóðrara- og hússkreytingavörur, rúmstæði, skipsrúm, hljóðfæri, ásamt hlutum og tækjum er þeim fylgja, kjöt- og fiskvörur, kjötseyði, niðursoðið kjöt og fisk, grænmeti, ávaxtavörur, egg, mjólk og rjóma ásamt afurðum af þeim, smjör, ost, mataroliu og feiti, kaffi, kaffibæti, te, sykur, síróp, hunang, mjöl og grjón, úrsælding og aðrar malaraafurðir, deigvöru, krydd, ídýfu, edik, sennep og matarsalt, kókó, súkkulaði, sykurvörur, brauðgerðar- og kökugerðarvörur, ger, bökunarduft, matarhæfisfæðu, malt, fóðurefni, pappír, pappa og valpappa, pappírs- og pappavörur, þar á meðal bækur, nótur og aðrar margföldunarprentvörur, spil, myndatökuvörur, hráefni og hálfgerðar vörur til pappírsgerðar, skilti, myndamót, stafi, listvörur, postulín, postulínsstein, leir, gler, speg- ilgler, gljáa, stein, sement, kalk, gips, steinsteypu, bik, asfalt, tjöru, byggingarefni, þakpappa, kögurvörur, bönd, saum- og leggingarvörur, tölur, útsaum, knipplinga, blúndur, söðlasmíða-, töskugerðar-, bókbands- og leðurvörur, ritföng, teikni, málara- og myndamótaáhöld, skrifstofuáhöld og -tæki, kennsluáhöld, skotfæri, ilmvötn, snyrtivörur, loftnæmar olíur, sápur, þvotta- og aflitunarefni, sterkju og sterkjuefni, litunarábæti til þvotta, blettaafmáunarefni, ryðvarnarefni, efni til fágunar, slípunar, gljáningar og varðveitingar á tré, leðri, málmi, gleri, steini og leirvörum, leikföng, íþrótta- og leikfimisáhöld og útbúnað, billiard með öllu þar til heyrandi og aðrar spilavörur og áhöld, sprengiefni, eldspítur, flugelda, skothleðslu, hrátóbak, tóbaksafurðir, vindlingapappír, ábreiður, stråbreiður, gólfdúk, vaxdúk, gluggatjöld, fána, tjöld, poka, úr og úrhluta, ofin og prjónuð efni og flóka. 164

164 **Skrásett 1930, nr. 39.**

Tilkynnt 4. ágúst 1930, kl. 10 árd., af American Sheet and Tin Plate Company, verksmiðjurekstur, Pittsburgh, Pennsylvania, Bandaríkjum N.-Am., og skrásett 16. september s. á.




Mannshöfuð og þar fyrir neðan orðið: APOLLO.

Samkvæmt tilkynningu 8. janúar 1919, er merkið skrásett í Washington 29. júlí s. á. fyrir valsað stál, pjátur og þynnur, málmdregnar pjátursþynnur, bárujárn og þynnur, hvítpjátur og blýdregnar þynnur.

**Skrásett 1930, nr. 40.**

Tilkynnt 14. ágúst 1930, kl. 2 síðd., af Thomas Hedley & Co., Limited, sápugerð, Newcastle, Englandi, og skrásett 16. september s. á.

Orðið:

**FELIN**

Merkið er skrásett í London 25. janúar 1930, 47. og 48. flokki, fyrir sápur.

**Skrásett 1930, nr. 41.**

Tilkynnt 14. ágúst 1930, kl. 2 síðd., af sama.




Skáferhyrningur. Á miðju hans er mynd af dansandi álfamey með sprota í hendi, en utan við myndina standa í hring orðin: Fairy Soap For Clothes & Skin — For everything.

Merkið er skrásett í London 1. júlí 1926, 47. og 48. flokki, fyrir sápur.

**Skrásett 1930, nr. 42.** 164

Tilkynnt 14. ágúst 1930, kl. 2 síðd., af Aktiebolaget Pentaverken, verksmiðjurekstur, Skövde, Svíþjóð, og skrásett 16. september s. á.

Orðið:

# PENTA

Samkvæmt tilkynningu 19. september 1916, er merkið skrásett í Stokkhólmi 26. júní 1917 fyrir kemiskar blöndur og lyfjablöndur, litarefni, unna málma og óunna, málmblöndur og hluti gerða úr þessum efnum, vélar, vélahluta og vélagögn, einkum túrbínur fyrir gas, vatn og gufu, túrbínustilla, gufuvélar, gufukatla, mótora með sprengiþenslu og jafnþenslu, skipamótora, vindur, sogdælur, þrýstidælur, þjappara, físivélar, físitæki, hitunartæki, sparbrenna, gasframleiðara, stigmæla, ísvélar, eimsvala, vélar og áhöld fyrir móvinnslu og móflutning, orkuleiðslur, færivélar, yfirhitunartæki, rafmagnsgeyma, verkfæri og tæki til vísindastarfa, iðnaðar, kennslu, hljóðfæraleiks og lækninga, mælingatækja, sjálfmerkjandi og ekki sjálfmerkjandi, hraðmæla, áhöld, einkum þrýstimæla, áhöld til að hreinsa og sía gas eða vökva, t. d. vatn eða olíur, gangjafna, smurningstæki, merkjatæki, innspýtidælur, úrgangsverpla, smíðatól, gler, postulín, stein, leir, postulínsleir og vörur gerðar úr honum, leirvörur, byggingarefni, vopn, skotfæri, sprengiefni, skip og hluta af þeim, fargögn, vagna, akfæri og hluta af þeim, og allt sem þeim fylgir, baðmull, hör, ull, hamp, sekkjabast, silki, skinn, leður, hör, togleður, guttaperka, fílabein, bikastein, raf, sæfrauð, bein og vörur úr beini, tvinna, klæði, voðir, ábreiður, reimar, þéttiefni, pappír, pappírsvörur, tré og trévörur, húsgögn, næringarvörur og nautnavörur í föstu, fljótandi og loftkenndu ástandi, landbúnaðarafurðir, feiti, olíur, og vörur gerðar úr olíu, sápur, grænsápu, kerti, olíu, smurningsefni, hreinlætisvörur, ilmvörur, snyrtivörur, leikföng, leiktæki, sportvörur, leikfimisvörur og eldsneyti. — Orðið: PENTA ber að skoða sem sérstaklega tilbúið heiti fyrir ofangreindar vörutegundir. Merkið er síðast endurnýjað 1927.

**Skrásett 1930, nr. 43.**

Tilkynnt 8. september 1930, kl. 3 síðd., af Imperial Chemical Industries, Ltd., verksmiðjurekstur, London, Englandi, og skrásett 16. september s. á.

Hringmyndað merki og innan í því, ofanvert við tvær bugðóttar línur, standa stafirnir: I C I.

164 Merkið er skrásett í London 12. nóvember 1929 fyrir kemisk efni til iðnaðar, ljósmyndagerðar, eðlisfræðisrannsókna svo og varnarefni, efni úr dýra-, jurta- og steinaríkinu, bæði óunnin og að einhverju leyti unnin, og notuð eru til iðnaðar, vörur úr málmi, vélar, húsaskraut, húsgögn og aðra innanhússmuni, kerti, algenga sápu, hreinsunarefni, olíu til ljósa, hitunar og áburðar, eldspítur og línsterkju, blákku og önnur efni til þvotta, lím í tréninga, við, leður, til að bæta brotna muni og festa brodda í knattstengur, tunnur (úr tré), planka (úr tré), skópinna (úr tré), „Breeches paste“, hnappa (ekki úr málmi), valpappaöskjur, lím til að festa hjólhringa, ostadalla (úr tré), efni til að hreinsa með og fága, tréna-ester, trénaeter og endurunnið cellulose og viscose, smáan glysvarning gerðan úr þessum efnum, skóaravax, flibbateina úr tréningi, hvalskíði og fjaðrastöfum, gljáþræði, rimlakassa (úr tré), áburð á leðurvarning, belti, gólfdúka og gúmmíhjólhringa, efni til að slökkva eld, kveikjara og eldivið, efni til að gera hluti eldtrausta, blómsturskraut og annað skraut gert úr tréningi, reiðhjólahlífar (úr tréningi), gelatínhylki til að hafa í meðul, skósmíðavax (svart), smáan glysvarning gerðan úr harðkoli eða eftirlíkingu á því, glóðarnet (ekki úr málmi), gufu- og vatnsþétta og tengiþétta, myndaramma (úr tré og öðrum samsetningi), viðarmauk, kítti, efni til að koma í veg fyrir móðu á gleri, valsamassa, verkfæri til að gera við gúmmíhjólhringa og efni til að loka og fylla upp í göt á gúmmíhjólhringum, rakhnífaslipólar, ferðakistur, töskur, stórar og smáar og ólar, garn og dúka úr skotull, klæðskerakrít, táhettur (úr tréningi), tilbúinn vikur, úrkassa (úr tréningi), fiskábreiður, heyábreiður og tjöld, efni til að gera dúka vatnshelda, blöndur notaðar við vefnaðar- og leðurvörur, dúka, garn, þráð og trefjar gerðar aðallega eða að öllu leyti úr óekta silki.

**Skrásett 1930, nr. 44**

Tilkynnt 15. sept. 1930, kl. 10 árd., af Hudson Motor Car Company, verksmiðjurekstur, Detroit í Michigan, Bandaríkjum N.-Am. og skrásett 16. september s. á.

Orðið: HUDSON 8 innan í þríhyrningi, sem dreginn er framan á mynd af sundurskornum áttköntuðum jafnstrending.

Samkvæmt tilkynningu 21. janúar 1930, er merkið skrásett í Washington 17. júní s. á. fyrir gasolin-farþega-bifreiðar, 19. flokki, og vélalaus ökutæki.

**Skrásett 1930, nr. 45.**

Tilkynnt 22. sept. 1930, kl. 3 síðd., af Liggett & Myers Tobacco Company, verksmiðjurekstur, New York, Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 2. október sama ár.




Orðið: Chesterfield skrásett á grunni þannig gerðum, að stafirnir Ch eru á hvítum fleti með kórónu yfir, en neðan við hina stafina er landslagsmynd — borgarhluti með turnspírum — og eru hinir stafirnir á ská yfir himininn á myndinni. Neðst á myndinni stendur orðið: CIGARETTES.

Samkvæmt tilkynningu 14. maí 1926, er merkið skrásett í Washington 21. septbr. s. á. fyrir reyktóbak og cigarettur.

**Skrásett 1930, nr. 46.**

Tilkynnt 22. septbr. 1930, kl. 3 síðd., af Ilford Limited, framleiðsla á ljósmyndatækjum, London, Englandi, og skrásett 2. október s. á.

Orðið:

**ILFORD**

Merkið er skrásett í London 19. júlí 1907 fyrir ljósmyndaáhöld, ljósmyndafilmur og plötur, og er síðast endurnýjað 19. júlí 1921.

**Skrásett 1930, nr. 47.**

Tilkynnt 8. október 1930, kl. 4 síðd., af H/f „Shell á Íslandi“, olíuverzlun, Skildinganesi við Skerjafjörð, og skrásett 11. s. m.

Orðin:

**SINGLE SHELL**

Merkið er skrásett fyrir kerti, næturljós, ljósvax, olíur og feiti til ljósa, hitunar og smurningar, eldsneytisolíur og loftnæma eldsneytisvökva.

164 **Skrásett 1930, nr. 48.**

Tilkynnt 8. október 1930, kl. 4 síðd., af sama, og skrásett 11. s. m.

Orðin:

**GOLDEN SHELL**

Merkið er skrásett fyrir kerti, næturljós, ljósvax, olíur og feiti til ljósa, hitunar og smurningar, eldsneytisolíur og loftnæma eldsneytisvökva.

**Skrásett 1930, nr. 49.**

Tilkynnt 8. október 1930, kl. 4 síðd., af sama, og skrásett 11. s. m.

Orðið:

**TRIUMF**

Merkið er skrásett fyrir ljósa-, hitunar- og smurningsolíur.

**Skrásett 1930, nr. 50.**

Tilkynnt 8. okt. 1930, kl. 4 síðd., af sama, og skrásett 11. s. m.

Þrír hörpudiskar, en í boga fyrir ofan og til hliðar við þá standa orðin: TRIPLE SHELL.




Merkið er skrásett fyrir kerti, næturljós, ljósvax, olíur og feiti til ljósa, hitunar og smurningar, eldsneytisolíur og loftnæma eldneytisvökva.

**Skrásett 1930, nr. 51.**

Tilkynnt 8. okt. 1930, kl. 4 síðd., af sama, og skrásett 11. s. m.



Á tveimur hliðum þríhyrnings hvíla tveir hörpudiskar, en þar fyrir neðan 164
standa orðin: DOUBLE SHELL.

Merkið er skrásett fyrir kerti, næturljós, ljósvax, olíur og feiti til ljósa, hitunar og smurninga, eldsneytisolíur og loftnæma eldsneytisvökva.

**Skrás. 1930, nr. 52.**

